## Hver er virðisaukinn af ELDW fyrir þitt samfélag?



- Efla þátttökuhefð með því að virkja íbúa til athafna í nærsamfélaginu og sveitarstjórnarmálum.
- Skapa styrkari og betri farvegi fyrir þátttöku íbúa í málefnum nærsamfélagsins og auka þekkingu þeirra á evrópskum stofnunum.
- Auka traust íbúa á kjörnum fulltrúum og stofnunum með því að hvetja til þátttöku íbúa í opnara og gagnsærra ákvörðunarferli.
- Styrkja skilning á gagnkvæmri ábyrgð íbúa, kjörinna fulltrúa og sveitarfélaga.
- Þróa samskipti milli íbúa.
- Gefa evrópskri skírskotun vægi í lýðræðisvikunni.

### Hafðu samband

democracy.week@coe.int
www.coe.int/demoweek/fr

Prems 070417 - ISL

www.coe.int/congress/fr

Evrópuráðið eru samtök Evrópuríkja sem vinna að framgangi mannréttindmála. Innanþess eru 47 aðildarríki, þ. á m. Ísland og öll 28 aðildarríki Evrópusambandsins. Sveitarstjórnarþingið er stofnun innan Evrópuráðsins sem hefur það hlutverk að styrkja staðbundið lýðræði í sveitarfélögum allra 47 aðildarríkjanna. 636 kjörnir fulltrúar frá meira en 200.000 héraðs- og sveitarstjórnum eiga sæti á þinginu.

The Congress – Le Congrès
COUNCIL OF EUROPE – CONSEIL DE L'EUROPE

# Evrópska lýðræðisvikan




The Congress – Le Congrès
COUNCIL OF EUROPE – CONSEIL DE L'EUROPE



## Evrópska lýðræðisvikan/ELDW, hvað er það?

**"Evrópska lýðræðisvikan" (ELDW) er haldin um alla Evrópu í október á hverju ári**

Héraðs- og sveitarstjórnum í 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins er boðið að skipuleggja opinbera viðburði í því skyni að:

- Vekja athygli íbúa í Evrópu á lýðræði í sveitarfélögum til að auka þekkingu þeirra og þátttöku í sveitarstjórnarmálum.
- Hvetja kjörna fulltrúa til að auka og dýpka samræðu þeirra við íbúa til að efla staðbundið lýðsræði.
- Kynna starf Evrópuráðsins og Sveitarstjórnarþings þess til að styrkja staðbundið lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum alls staðar í Evrópu.

**Evrópska lýðræðisvikan er haldin í kringum 15. október** hvert ár í tilefni af Evrópusáttmálanum um sjálfstjórn sveitarfélaga en þann dag 1985 var sáttmálinn opnaður til undirritunar. Ísland er aðili að sáttmálanum. Þátttakendur geta þó valið að halda evrópsku lýðræðisvikuna á hentugri tíma um þetta leyti.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins hefur yfirumsjón með framkvæmd ELDW.



## Hvernig er hægt að taka þátt í evrópsku lýðræðisvikunni?

**Allar upplýsingar um skráningu er hægt að nálgast á vefsíðu ELDW**

www.coe.int/demoweek

### Á vefsíðu ELDW má finna

- Almennar upplýsingar, hugmyndir um þemu, umsagnir, viðburði fyrri ára og verkfæri.
- Auðkenni, veggspjöld og bæklingar sem hægt er að hlaða niður á mörgum tungumálum.
- Listi yfir landsfulltrúa ELDW, samstarfssamtök og tengiliði fyrir ELDW teymi Evrópuþingsins.

### 3 SKREF AÐ ÞÁTTTÖKU Í ELDW

1. fyllið út skráningareyðublaðið á netinu www.coe.int/demoweek-registration og fáið eigin ELDW aðgang,
2. skipuleggið viðburði sem tengjast meginþema ársins og málefnum ofarlega á baugi í ykkar samfélagi og notið ELDW auðkennin,
3. gerið viðburði ykkar sýnilega á vefsíðu ELDW með því að hlaða þeim niður í gegnum þinn aðgang að síðunni.